

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 15

2. árgangur

27.4.1995

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjana
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

| | | |
|--------------|-----------------------------------|----|
| 95/EES/15/01 | Skipan EFTA-dómstólsins..... | 01 |
| 95/EES/15/02 | Mál E-4/94 tekið af málaskrá..... | 01 |
| 95/EES/15/03 | Mál E-5/94 tekið af málaskrá..... | 01 |
| 95/EES/15/04 | Mál E-7/94 tekið af málaskrá..... | 01 |

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

| | | |
|--------------|--|----|
| 95/EES/11/05 | Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.566 - CLT/Disney/SuperRTL)..... | 02 |
| 95/EES/15/06 | Tilkynnt samfylking sem fellur ekki undir gildissvið reglugerðarinnar um samfylkingar (Mál nr. IV/M.538 - Omnitel)..... | 04 |
| 95/EES/15/07 | Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.574 - Saudi Aramco/MOH).. | 03 |
| 95/EES/15/08 | Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.582 - Orkla/Volvo)..... | 03 |

| | | |
|---------------------|---|----|
| 95/EES/15/09 | Upphaf málsmeðferðar (Mál nr. IV/M.490 - Nordic Satellite Distribution)..... | 04 |
| 95/EES/15/10 | Viðurkenning á réttmætum hagsmunum samkvæmt reglugerðinni um samfylkingar..... | 05 |
| 95/EES/15/11 | Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 3. 4. til 7. 4. 1995..... | 05 |

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

EFTA-Skipan dómstólsins

95/EES/15/01**1. Skipan dómstólsins**

Í kjölfar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu 1. janúar 1995 gerðu Ísland og Noregur með sér samning 29. desember 1994 um breytingu á tilteknum samningum EFTA-ríkjanna (breytingarsamningurinn) sem öðlaðist gildi 1. janúar 1995. Dómurum var fækkað í þrjá. Hinn 18. janúar var Björn Haug dómari kosinn forseti EFTA-dómstólsins sem heldur áfram starfsemi sinni.

Samkvæmt samkomulaginu um bráðabirgðaráðstafanir fyrir tímabilið eftir aðild ákveðinna EFTA-ríkja að Evrópusambandinu (bráðabirgðasamkomulagið) hefur starfssemi EFTA-dómstólsins, með fimm dómurum, verið framlengd til 30. júní 1995, að meginreglu til. Bráðabirgðasamkomulagið tók gildi 1. mars 1995. Á þeim degi var Gustav Bygglin tilnefndur dómari EFTA-dómstólsins og tekur við af Leif Sevón, sem sagði af sér sem dómari 17. janúar 1995 til að taka við sæti dómara við

dómstól Evrópubandalaganna á meðan bráðabirgðasamkomulagið varir og sör eið í heyranda hljóði í samræmi við 2. gr. bókunar 5 í samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstóllinn).

2. Kosning forseta dómstólsins samkvæmt bráðabirgðasamkomulaginu

Hinn 1. mars 1995 kusu dómaramenn Björn Haug dómara sem forseta dómstólsins samkvæmt bráðabirgðasamkomulaginu og samkvæmt 30. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstóllinn.

3. Tilnefning aðstoðardómritara

EFTA-dómstóllinn hefur tilnefnt Sverre Faafeng sem aðstoðardómritara, samkvæmt 11. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins, til að taka við af Heikki Kanninen.

Mál E-4/94⁽¹⁾ tekið af málaskrá**95/EES/15/02**

Samkvæmt fyrirmælum frá 27. febrúar 1995 skipaði starfandi forseti EFTA-dómstólsins að mál E-4/94 yrði tekið af málaskrá (beiðni um ráðgefandi álit frá Marknadsdomstolen: Konsumentombudsmannen gegn de Agostini (Svenska) Förlag AB).

Mál E-5/94⁽¹⁾ tekið af málaskrá**95/EES/15/03**

Samkvæmt fyrirmælum frá 27. febrúar 1995 skipaði starfandi forseti EFTA-dómstólsins að mál E-5/94 yrði tekið af málaskrá (beiðni um ráðgefandi álit frá Marknadsdomstolen: Konsumentombudsmannen gegn TV-Shop i Sverige AB).

Mál E-7/94⁽¹⁾ tekið af málaskrá**95/EES/15/04**

Samkvæmt fyrirmælum frá 27. febrúar 1995 skipaði starfandi forseti EFTA-dómstólsins að mál E-7/94 yrði tekið af málaskrá (beiðni um ráðgefandi álit frá Högsta domstolen: Data Delecta Aktiebolag og Ronnie Forsberg gegn MSL Dynamics Limited).

(1) Stjútíð. EB nr. C 347, 8. 12. 1994 og EES-viðbætur við Stjútíð. EB nr. 49, 8. 12. 1994.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.566 - CLT/Disney/SuperRTL)

95/EES/15/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. 4. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Disney Television (Germany) Inc., sem lýtur yfirlýðingum The Walt Disney Company („TWDC“), og CLT Multi Media GmbH, sem lýtur yfirlýðingum Compagnie Luxembourgeoise de Télédiffusion S.A. („CLT“), öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirlýðing yfir fyrirtækinu RTL Club Fernsehen GmbH & Co. KG („RTL Club“) með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - TWDC: framleiðsla og leyfi vegna kvikmynda og sjónvarpsefnis; útgáfa bóka, tímarita og tónlistar; skemmtigarðar,
 - CLT: útsending á útvarps- og sjónvarpsefni; framleiðsla og leyfi vegna sjónvarpsefnis; blaðastarfsemi,
 - RTL Club: útsending á sérhæfðu fjölskyldusjónvarpsefni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmunum að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 96, 20. 4. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.566 - CLT/Disney/SuperRTL, og er heimilisfangið:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Tilkynnt samfylking sem fellur ekki undir gildissvið
reglugerðarinnar um samfylkingar
(Mál nr. IV/M.538 - Omnitel)**

95/EES/15/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. 3. 1995 að framangreind tilkynnt samfylking félli ekki undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um samfylkingar⁽¹⁾ vegna þess að hún myndar ekki samfylkingu í skilningi 3. gr. reglugerðarinnar. Þessi ákvörðun byggist á a-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerðinni um samfylkingar. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.574 - Saudi Aramco/MOH)**

95/EES/15/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. 4. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið The Saudi Arabian Oil Company („Saudi Aramco“), öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir Motor Oil Corinth Refineries („MOH“) og Avinoil Industrial and Maritime Oil Company S.A. („Avin“) sem bæði eru grísk fyrirtæki.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Saudi Aramco: leit, framleiðsla og markaðssetning á hráolífu og framleiðsla og markaðssetning á hreinsuðum afurðum,
 - MOH: olúhrensun og -viðskipti,
 - Avin: smásala á olúafurðum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 106, 27. 4. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.574 - Saudi Aramco/MOH, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.582 - Orkla/Volvo)****95/EES/15/08**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. 4. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Fortos, undir yfirráðum Volvo, og Orkla öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu BCP (Branded Consumer Products) með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Volvo: vélknúin ökutæki, neysluvörur, o.s.frv.,
 - Fortos: matvæli, drykkjarvörur og aðrar neysluvörur,
 - Orkla: matvæli, drykkjarvörur, kemísk efni og fjárfestingar,
 - BCP: drykkjarvörur.

Með þessum samruna fela samstarfsaðilar starfsemi Fortos og Orkla með drykkjarvörur að meginhluta til í hendur fyrirtækisins BCP sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni undir sameiginlegum yfirráðum.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 100, 22. 4. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.582 - Orkla/Volvo, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Upphaf málsmeðferðar
(Mál nr. IV/M.490 - Nordic Satellite Distribution)****95/EES/15/09**

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. 3. 1995 að hefja málsmeðferð í framangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að verulegur vafi leiki á að tilkynnt samfylking samræmist hinum sameiginlega markaði. Upphaf málsmeðferðar leiðir til frekari rannsóknar að því er varðar tilkynnta samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Til að unnt sé að taka mið af athugasemdum verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 104, 25. 4. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 236 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.490 - Nordic Satellite Distribution, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Viðurkenning á réttmætum hagsmunum samkvæmt reglugerðinni um samfylkingar

95/EES/15/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 29. 3. 1995 að viðurkenna réttmæta hagsmuni sem Breska konungsríkið kynnti varðandi ákveðin ákvæði í lögum um vatnsveituiðnað frá 1991 (Water Industry Act 1991) eins og þeim var breytt með lögum um samkeppni og þjónustu (þjónustufyrirtæki) frá 1992 (Competition and Service (Utilities) Act 1992). Þessi ákvörðun byggist á 3. mgr. 21. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 3. 4. til 7. 4. 1995

95/EES/15/11

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

| Kóði | Skráningarnúmer | Titill | Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann | Sent til blaðsíðu-ráðsins þann | Blaðsíðu-fjöldi |
|-------------|----------------------------------|---|---------------------------------------|--------------------------------|-----------------|
| COM(95) 110 | CB-CO-95-129-EN-C ⁽²⁾ | Aðgerðaráætlun Evrópubandalagsins til stuðnings menningarmálum Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á aðgerðaráætlun bandalagsins hvað varðar menningararfleifð (Raphael-áætlunin) | 29.3.1995 | 6.4.1995 | 40 |
| COM(95) 116 | CB-CO-95-125-EN-C | Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3366/94 frá 20. desember 1994 um að gera, fyrir árið 1995, tiltekna ráðstafanir varðandi verndun og stjórnun fiskveiðiauðlinda á umráðasvæðinu eins og það er skilgreint í samningnum um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi | 5.4.1995 | 5.4.1995 | 13 |

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

⁽²⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.